




# Fötlunarfræði

Diplómanám, MA-nám  
og PhD-nám





## Hvað er fötlunarfræði?

Fötlunarfræði er ung fræðigrein sem leggur áherslu á að próa félagslegan skilning á fötlun og rannsaka þátt menningar og umhverfis í að skapa og viðhalda fötlun. Markmið námsins er að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á fjölbreytilegum þáttum sem varða fatlað fólk og málefni þess.

## Námsleiðir

Nám í fötlunarfræði er kennt sem framhaldsnám að loknu BA-prófi eða öðru sambærilegu háskólanámi. Boðið er upp á diplómanám, MA nám og doktorsnám.

## Nám á MA stigi

- Diplómanám í fötlunarfræði (30 ECTS)
- Diplómanám í fötlunarfræði með áherslu á opinbera stjórnýsly (30 ECTS)
- Rannsóknamiðað MA nám í fötlunarfræði (120 ECTS)
- Starfsmiðað MA nám í fötlunarfræði (120 ECTS)
- MA nám í fötlunarfræði og margbreytileika (120 ECTS)
- MA nám í fötlunarfræði og opinberri stjórnýsly (120 ECTS)

## Doktorsnám

- Doktorsnám í fötlunarfræði (210 ECTS)

## Alþjóðatengsl



Tom Shakespeare

Nám í fötlunarfræðum er rekið í öflugum alþjóðlegum samstarfi við fræðimenn á Norðurlöndum, í Bretlandi, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og víðar. Fötlunarfræði á Íslandi á samstarf við marga af helstu fræðimönnum á alþjóðavísu og á hverju ári koma erlendir fyrirlesarar og gestakennarar hingað til lands. Nemendum í fötlunarfræði stendur einnig til boða að sækja hluta af námi sínu við háskóla erlendis.

## Kennarar í fötlunarfræði

Umsjónarkennarar eru Hanna Björg Sigurjónsdóttir dósent og Rannveig Traustadóttir prófessor. Auk þeirra kemur fjöldi annarra háskólakennara og erlendra gestakennara með fjölbreyttan bakgrunn að kennslunni. Þá er lögð áhersla á að fá gestafyrirlesara úr hópi fatlaðs fólks og samtaka þess.



Rannveig Traustadóttir prófessor  
Ph.D í fötlunarfræði og kynjafræði



Hanna Björg Sigurjónsdóttir dósent  
Ph.D í fötlunarfræði  
Formaður námsbrautar



Kristín Björnsdóttir lektor  
Ph.D í fötlunarfræði



James Gordon Rice stundakennari  
Ph.D í mannfræði

[www.fotlunarfraedi.hi.is](http://www.fotlunarfraedi.hi.is)  
[fotlun@hi.is](mailto:fotlun@hi.is)

# Skiptir fötlunarfræðin máli fyrir fatlað fólk? Freyja Haraldsdóttir

Fólk á það til að vorkenna mér óheyrliga og þá sérstaklega vegna skerðingarinnar sem það álitur vera uppsprettu allra erfiðleika sem ég mæti. Ég upplifi áskoranir þó á annan hátt og eftir því sem ég verð eldri sé ég að það eru viðhorf annarra og mín eigin sem setja lífi mínu skorður, skerða frelsi og grafa undan mannréttindum mínum. Það fyrsta sem ég las í fötlunarfræði var grein um félagslega líkanið um fötlun. Þar var fötlun aðgreind frá líffræðilegri skerðingu og skilgreind sem sköpunarverk neikvæðra viðhorfa, fordóma, slaks aðgengis, skertra tækifæra og aðstoðar. Í kjölfar lestrarins opnuðust ótal gluggar í huga mér og loksins fannst mér einhver koma tilfinningum mínum og hugsunum um fötlun í orð. Mér fannst mikið frelsi fylgja fötlunarfræði því hún staðfesti fyrir mér að skerðingar fólks eru eðlilegur hluti af litrófi mannlífsins og fötlunarfræðin bendir líka á þau ótal tækifæri sem við höfum til að fjarlægja þær manngerðu hindranir í umhverfi okkar sem skapa fötlun.



## Nemendur í fötlunarfræði

Nemendur í fötlunarfræði hafa fjölbreyttan bakgrunn svo sem úr heimspeki, táknmálistúlkun, bókmenntafræði, félagsráðgjöf, iðjubjálfun, þroskabjálfun, kennslu og víðar. Hinn margþætti bakgrunnur nemenda og persónuleg reynsla margra þeirra af fötlun er mikilvægur styrkur og gerir námið lifandi og skemmtilegt.

Olga B. Jónsdóttir



MA verkefni mitt snýr að systkinum fatlaðs fólks þar sem ég skoða hvernig orðræðan hefur áhrif á ímyndir og daglegt líf. Námið er magnað og nýtist ekki bara í starfi heldur líka í daglegu lífi.

Björg R. Pálsdóttir



MA verkefni mitt fjallar um ímyndir fötlunar og fatlaðs fólks í íslenskum bókmenntum frá fyrri hluta 20. aldar. Þar tengi ég saman áhuga minn á bókmenntum og málefnum fatlaðs fólks.

Eiríkur Karl Ólafsson Smith



Í sínu pólitíska umhverfi reynir fötlunarfræðin að styðja við réttindi fatlaðs fólks og jafna möguleika þess í samfélaginu. Að baki liggja rannsóknir á margbreytileika hugtaksins fötlun, sem er í senn þrungin tilfinningalegri dýpt, hlaðið sögu- og menningarlegri merkingu, og reist á siðferðis- og fagurfræðilegum

gildum. Fötlunarfræðin kemur inn á alla anga mannlegs lífs, enda hvílir hún á gagnrýnni athugun á hvað það merkir að vera fatlaður/ófatlaður og hvað mótar þær hugmyndir sem við höfum um okkur sjálf.

Helgi Þór Gunnarsson



Í námi mínu tengdi ég fötlunarfræði og afbrotufræði en tilgangur MA verkefnisins var að öðlast þekkingu á barnæsku og lífshlaupi afbrotamanna með athyglisbrest og ofvirkni.

Helga Baldvins og Bjargardóttir



Nám í fötlunarfræðum er að mínu mati grundvöllur þess að geta skilið nýjan Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og þá þróun í mannréttindavernd sem hefur átt sér stað undanfarið. Þegar hugtakið fötlun er skoðað í sögulegu ljósi eykur það skilning á hvers vegna mannréttindi fatlaðs fólks

hafa ekki verið virt og sýnir fram á mikilvægi þess að vinna gegn fordómum og staðalmyndum til að koma á samfélagi þar sem jafnrétti allra er virt í raun.

Jarþrúður Þórhallsdóttir



Fötlunarfræðin hefur lagt drjúgan skerf til réttindabaráttu fatlaðs fólks. Rannsóknir innan fræðigreinarinnar sýna að fatlað fólk er á engan hátt frábrugðið öðrum hvað varðar þau grunnildir og þær grunnþarfir sem fylgja því að vera manneskja. Aukinn skilningur og þekking á vilja og aðstæðum fatlaðs fólks hefur þannig orðið til þess að færa fatlað fólk og ófatlað nær hvert öðru. Þessa þekkingu og viðhorf þarf að efla og koma til sem allra flestra, ekki síst þeirra sem skipuleggja og veita fötlðu fólki þjónustu.



## Rannsóknasetur í fötlunarfræði

Námsbraut í fötlunarfræðum rekur rannsóknasetur þar sem fram fer öflugt rannsóknastarf. Margir nemendur og kennarar í fötlunarfræðum taka virkan þátt í þessum rannsóknum. Slóð setursins er [www.fotlunarfraedi.hi.is](http://www.fotlunarfraedi.hi.is)



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Félags- og mannvísindadeild

Gimli  
v/ Sæmundargötu  
101 Reykjavík

Sími 525 5444

fom@hi.is  
[www.felagsogmannvis.hi.is](http://www.felagsogmannvis.hi.is)

